

Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar

Sjóðurinn heitir Umhverfissjóður UMFÍ, Minningarsjóður Pálma Gíslasonar formaður 1979-1993.

1. grein

Sjóðurinn heitir Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar – formaður 1979-1993. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn er vistaður hjá Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), Sigtúni 42, 105 Reykjavík, sem sér um að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmasta hátt.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga eða einstaklinga innan ungmennafélagshreyfingarinnar.

3. grein

Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar ásamt ungmennafélagshreyfingunni og aðrir velunnarar.

4. grein

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ og þremur fulltrúum skipuðum af stjórn UMFÍ, þar af að minnsta kosti einum frá Umhverfisnefnd.

5. grein

Úthlutunarreglur:

Umsóknir skulu berast á þar til gerðum umsóknarblöðum sem finnast á heimasíðu UMFÍ og skilist til þjónustumiðstöðvar UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík.

Umsóknir skulu berast fyrir 15. apríl ár hvert og tilkynnt skal um styrkveitingar fyrir 15. maí sama ár. Skilyrði fyrir styrkjum er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og verkefnið sé umhverfisverkefni. Auglýst skal eftir styrkþegum á heimasíðu UMFÍ, Skinfxa og öðrum málögnum UMFÍ. Ekki skal úthlutað meiru en sem nemur 90% af árlegri ávöxtun sjóðsins.

6. grein

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skal skila skýrslu til sjóðsstjórnar um nýtingu styrksins, fyrirkomulag og árangur, fyrir lokagreiðslu, sem ekki sé meiri en 30% af styrknum.

7. grein

Sjóðsstjórn skal skila árlega skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins sem birtist í ársskýrslu UMFÍ.

8 grein

Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

9.grein

Höfuðstóll sjóðsins skal eigi vera lægri en 5.000.000.- kr. og verð hann tengdur vísitölu neysluverðs í október 2015. Umhverfissjóðnum verði tryggðar 600.000.- kr. árlega sem greiddar verði af UMFÍ.

10. grein

Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Breytingar á reglugerðinni þurfa að hljóta samþykki einfalds meirihluta á sambandsþingi UMFÍ.

Samþykkt á 49.sambandsþingi UMFÍ 2015